

Reykjavík, 23. nóvember 2023

Skrifstofa Alþingis
b.t. nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma – 49. mál.

Fuglavernd mótmælir harðlega tillögu til þingsályktunar um að leyfa veiðar á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma. Álft er alfriðuð tegund og veiðitímabil grágæsar og heiðagæsar er nú þegar lengra en gott þykir, auk þess sem nýlega var sett sölubann á grágæsaafurðir vegna bágrar stöðu stofnsins.¹ Mikilvægasta gagnrýnin á tillöguna snýr þó að því að farið sé fram á að veiða þessar tegundir þegar þær snúa til baka frá vetrarstöðvum og á varptíma. Fuglavernd telur slíkt algjörlega óverjandi á bæði siðferðilegum og stofnvistfræðilegum forsendum auk þess sem það stríðir gegn fjölþjóðlegum lögum sem gilda víðast hvar á vetrarstöðvum þessara fuglategunda (t.d. Fuglatilskipun Evrópusambandsins, en þar kemur fram í viðauka 2: „...82 bird species can be hunted. However, the hunting periods are limited and hunting is forbidden when birds are at their most vulnerable: during their return migration to nesting areas, reproduction and the raising of their chicks.“). Veiðar á þessum tegundum á varptíma stríða gegn öllum viðurkenndum, alþjóðlegum siðareglum og meginreglum um fuglaveiði og gegn alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt.²

Tún og akrar eru eftirsótt fæðuöflunarsvæði fyrir gæsir og álftir. Sumir landeigendur hafa t.a.m. nýtt sér þetta og ræktað korn til að lokka til sín gæsir að haustlagi og selt veiðimönnum aðgang að slíkum svæðum. Ekki er þó línulegt samband á milli mögulegra veiða og minnkunar tjóns, þ.e. hæpið verður að telja að tjón minnki í sama hlutfalli og veiðar aukast. Á meðan akrar draga til sín álftir og gæsir eru veiðar á þessum tegundum ekki mjög líklegar til að draga úr tjóni nema að stórfækkað verði í stofnum þessara fugla, og þar sem álftir eru auðveld bráð er hægt að stráfella þær á ökrum eða túnum úr fyrirsát. Aldrei ætti að leyfa veiðar á innlendum tegundum (e. *native species*) í þeim tilgangi að fækka verulega í stofnum þeirra, en þó skal geta

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/08/17/Timabundid-bann-sett-vid-solu-a-gragaes/>

² Sjá m.a. bls. 45:

https://www.researchgate.net/publication/319321175_Vernd_velferd_og_veidar_villtra_fugla_og_spendyra_Lagaleg_og_stjornsysluleg_stada_og_tillogur_um_urbaetur_Skyrsla_unnin_fyrir_umhverfis_og_audlindaradherra_Protection_welfare_and_hunting_of_wild_bird.

Þess að ef samkomulag væri við þær þjóðir sem deila þessum fuglastofnum með Íslendingum um verulega fækkun í einhverjum þeirra, þá yrðu slíkar aðgerðir að fara fram á haustin og á vetrarstöðvum en fráleitt að hugsa sér að veiða fuglana á leið til varpstöðva, eða á varptíma. Gæsir eru nú þegar skotnar á ökrum, innan hefðbundins veiðitíma og hefur verið gert í mörg ár, og það í sjálfu sér hefur ekki haft fælingarmátt.

Fuglaflensa virðist hafa bitnað illa á sumum gæsastofnum, t.a.m. helsingja á Suðausturlandi.³ Í ágúst 2023⁴ var gripið til sölubanns á grágæs til að hlífa stofninum í ljósi alvarlegrar stöðu hans en á um áratug hefur hann minnkað úr 100 í 60 þúsund fugla.⁵ Til stóð að þrengja einnig veiðitímamann en ákveðið var að bíða með það, m.a. vegna þess að nú er unnið að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir tegundina. Sú vinna er mikilvæg og felur m.a. í sér samstarf við önnur lönd sem ábyrgð bera á stofninum. Í ljósi framangreinds er fráleitt að víkka veiðitíma grágæsar nú, og mikilvægt er að ekki sé farið í aðgerðir sem fela í sér aukna veiði fyrr en vinnu að stjórnunar- og verndaráætlunum umræddra tegunda sé lokið. Þá vekur athygli að tjón á ræktarlandi er talið vaxandi á sama tíma og mikil fækkun hefur orðið í stofni grágæsar, sem talin er valda hluta af þessu tjóni, sem sýnir einmitt glögggt að ekki sé til staðar skýrt samband milli stofnstærðar og umfangs tjóns, eins og hér hefur verið bent á.

Hætt er við að alþjóðasamfélagið tæki það mjög óstinnt upp ef Íslendingar ætluðu að leyfa álftráp, hvað þá á varptíma. Eins og bent er á í greinargerðinni sem fylgir þingsályktunartillögum þá er líklegt að álftrin sé skotin ólöglega en rannsóknir í Bretlandi þar sem álftrir voru gegnumlýstar sýndu að um 13% íslenskra álfta væru með blýhögl í líkamanum. Þó að þetta ólöglega athæfi eigi sér stað þá rennir það ekki stoðum undir að leyfa það.

Fugladráp til að draga úr tjóni ætti alltaf að vera þrautaráð sem aðeins ætti að grípa til ef öll önnur úrræði hafa verið reynd án árangurs. Á síðustu árum hefur orðið mikil þróun í ýmsum fælingaraðferðum sem ekki fela í sér fugladráp. Þessar aðferðir hafa ekki verið prófaðar á skipulagðan hátt hér á landi og eðlilegt næsta skref væri því að finna leiðir til að fæla fugla frá svæðum sem um ræðir. Samhliða því að fæla fugla frá þeim svæðum sem þeir mega ekki vera á, mætti koma upp tünnum og ökrum sem

³ Lilja Jóhannesdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands, pers. uppl.

⁴ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/08/17/Timabundid-bann-sett-vid-solu-a-gragaes/>

⁵ K. Brides, K. A. Wood, og S. N. V. Auhage, „Status and distribution of Icelandic-breeding geese: results of the 2020 international census“

þeim væri leyft að bíta, en það að fuglarnir gætu farið á önnur tún í staðinn mundi eflaust auka árangur fælingaraðgerða. Það mætti e.t.v. hugsa sér að ríkisstyrkur kæmi til fyrir slík „fuglatún“. Þar að auki er mikilvægt að þróa hér afbrigði korns sem þroskast fyrr á haustin, en hægt væri að koma í veg fyrir mikið tjón ef uppskorið væri áður en fuglarnir safnast á akra til að undirbúa haustfarið. Að auki hafa erlendar rannsóknir^{6,7} sýnt að mikilvægt er að huga að náttúruvari og landslagi þegar ræktun er skipulögð, en með því að staðsetja akra á svæðum sem eru minna eftirsótt fyrir stóra andfugla, s.s. fjarri vatni og þar sem erfitt er fyrir stóra fugla að lenda og taka á loft, má draga verulega úr ásókn þessara fugla í ræktað land. Af þessu sést að ýmislegt er hægt að gera til að draga úr tjóni, sem ekki felur í sér bein dráp á innlendum fuglategundum.

Ekki er um það deilt að stórir andfuglar geta í einhverjum tilfellum valdið tjóni í ræktarlöndum. Sennilega verður aldrei hægt að koma alfarið í veg fyrir að eitthvað tjón verði en finna þarf lausn sem tekur tillit til hagsmuna bæði náttúrunnar og manna. Hafa skal í huga að með ræktun lands er farið með starfsemi manna út í náttúruna, og eðlilegt er að eitthvað tjón verði, sem ætti að gera ráð fyrir í kostnaðaráætlunum.⁸ Með varúðarregluna, eina mikilvægustu meginreglu umhverfisréttar, að leiðarljósi er ljóst að fráleitt sé að grípa til aukinna veiða á þessum tímamarki, hvað þá á vorin. Mikilvægt er að meta almennilega umfang og eðli tjónsins, prófa með vísindalegum hætti mismunandi áhrif fælingaraðferða og kortleggja betur búsvæðanotkun álfra og gæsa. Einnig er gríðarlega mikilvægt að ljúka sem fyrst vinnu að stjórnunar- og verndaráætlunum fyrir þessar tegundir og opna í kjölfarið yfirvegað samtal landeigenda, rannsakenda, náttúruverndarsinna og fulltrúa viðeigandi ráðuneyta um bestu leiðir til að draga úr tjóni og skapa sátt.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

⁶ <https://link.springer.com/article/10.1007/s13280-017-0899-5>

⁷ <https://brage.inn.no/inn-xmlui/bitstream/handle/11250/3034504/Ter%c3%a4v%c3%a4inen%20et%20al%202022.pdf?sequence=4&isAllowed=y>

⁸ https://www.researchgate.net/publication/319321175_Vernd_velferd_og_veidar_villtra_fugla_og_spendvra_Lagaleg_og_stjornsysluveg_stada_og_tillogur_um_urbaetur_Skyrsla_unnin_fyrir_umbverfis-og_audlindaraherra_Protection_welfare_and_hunting_of_wild_bird